



Fundur FFM haldinn 7. febrúar 2018 kl.18.30 í Myllubakkaskóli

Mættir eru: Hjörleifur Hannesson formaður, Skúli Freyr Brynjólfsson gjaldkeri, Karólína Óskarsdóttir og Gunnhildur Þórðardóttir ritari sem ritar fundinn.

Dagskrá

Fundur settur kl. 18.35

1.Fundargerð síðast fundar til samþykktar. Fundargerð samþykkt.

2.Viðburðir framundan. Farið var yfir á fundinum þau verkefni sem var úthlutað á síðasta fundi, hvernig þau stæðu og hvað væri framundan.

3. 40 ára afmæli FFM á skólaárinu 2017-2018.

Í tilefni afmælisins er búið að ákveða að safna fyrir klifurgrind sem foreldri við skólann, Bjarni Stefánsson, hafði frumkvæði að en foreldrarfélagið hefur tekið að sér að klára söfnunina en um er að ræða svipaða klifurgrind eins og er í Njarðvík við skróðgarðinn þar. Gott tæki og býður upp á fjölbreyttari möguleika fyrir krakkana til að hreyfa sig í frímínútum auk þess sem aðstaða í Myllubakkaskóla er nýtt af mörgum bæjarbúum eftir skólatíma. Bjarni hefur safnað fyrir rúmlega helming þess fjár sem þarf að safna fyrir tækinu. Stofnaður verður hópur á facebook vinir Myllubakkaskóla og reynt að safna þar og auglýsa málefnið frekar.

6. Önnur mál. Hjörleifur formaður hefur haft samband við Víkurfréttir til að vekja athygli á afmæli foreldrafélagsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19.45